

Hvalfjarðarsveit 18. september 2025

**-Skipulagsstofnun/Skipulagsgátt.
Akraneskaupsstaður**

**Umsögn : Höfðasel – Nýtt deiliskipulag.
Mál nr. : 122/2025.**

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) hefur farið yfir gögn á Skipulagsgátt vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og athafnasvæði á Höfðaseli á Akranesi. Teikna teiknistofa arkitekta hefur unnið uppdrátt og greinargerð með tillögunni, dagsett í júlí 2025.

Upphaflegt deiliskipulag var samþykkt á hluta Höfðaselssvæðis árið 1978 og þar hefur verið iðnaðarstarfsemi síðustu áratugi. Nýtt deiliskipulag nær því yfir þegar byggt iðnaðar- og athafnasvæðis og nýtt landsvæði í austurátt að Berjadalsá. Þar á meðal er svæði þar sem áður var urðað rusl. (lóðir 7-13)

Greinargerð með tillögunni er nokkuð ítarleg og farið vel yfir þau atriði sem tengjast gerð skipulags fyrir iðnaðarsvæði.

Fram kemur m.a: -að sand- og olúskiljur verði á fráveitukerfi lóða, og að byggðar verði upp blágrænar fráveitulausnir.

- Skilmálar um góða umgengi á lóðum og að girða þær af. Vert er að minna á að ansi vindasamt getur verið á Höfðaseli og lóðarhafar verði að hafa það í huga við fyrirkomulag aðstöðu á lóðum.

– Gæta þarf varúðar við röskun á jarðvegi á lóðum 7-13 þar sem þær eru ofan á eldra urðunarsvæði. Farvegur fyrir mengaðan jarðveg þarf að vera ljós áður en hróflað er við urðunarsvæðinu og farið í framkvæmdir þar.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur á liðnum misserum skoðað lóðir við Höfðasel vegna ábendinga um slæma umgengi á lóðum, t.a.m. lóð nr. 1 og sérstaklega lóð nr. 3. Í ljósi þess að að skilmálar nýs deiliskipulags fyrir Höfðasel munu gilda fyrir þegar byggðar lóðir, m.a lóðir þar sem umgengni er slæm í dag, væri rétt að gefa þeim lóðarhöfum einhvern tilskilinn frest til úrbóta og að þeir uppfylli skilyrði um góða umgengi eftir að deiliskipulagið taki gildi. Að mati HeV mættu almennir skilmálar í deiliskipulaginu um umgengi á lóðum vera skýrari varðandi geymslu á lausamunum, um söfnun á ónýtum tækjum og númerslausum/ónýtum bifreiðum svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllst



f.h Heilbrigðiseftirlits Vesturlands